

Skólaráðsfundur 25. mars 2015

Fundurinn haldinn á bókasafninu.

Boðið upp á veitingar og fundur settur kl 15:00.

Mættir voru: Hrund Hlöðversdóttir, Margrét Aradóttir, María Gunnarsdóttir, Adda Bára Hreiðarsdóttir, Rögnvaldur Símonarson, Ísak Godsk Rögnvaldsson, Auður Thorberg Jónasdóttir (varamaður fyrir Helgu Berlindi Hreinsdóttur).

1 Skóladagatalið

Drög að skóladagatali 2015 – 2016 lögð til kynningar. Búið að taka umræðu um það í kennarahópnum og drög voru samþykkt á kennarafundi 24. mars 2015. Tveir samræmdir starfsdagar eru með leikskólanum, í október og janúar. Annars er ekki hægt að samræma þar sem hagsmunir stofnananna fara einfaldlega ekki saman.

Ekki voru gerðar athugasemdir við skóladagatalið af hálfu skólaráðs.

2. Siðareglur

Siðareglur eru yfirleitt ekki gerðar á milli fullorðinna og barna. Ákveðið að beina þessari vinnu inn í skólastefnuvinnu Eyjafjarðarsveitar.

3. Skólastefna Eyjafjarðarsveitar

Vinna við skólastefnu er farin af stað hjá skólunum þremur. Stýrihópur sem í sitja Hans Snorrason og Benjamín Davíðsson fyrir hönd foreldra, Sigmundur og Beate Stormo úr skólanefnd og Hrund og Karl fyrir hönd stjórnenda.

Komin eru vinnudrög að fyrsta hluta skólastefnunnar.

Leiðarljós = skapa stefnuyfirlýsingu; bjartsýni og trú á samfélagið og fleira.

Fundi slitið um kl. 16:00